Samþykkt þann
18 JÚLÍ 2007
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Kristján Þórarinsson




Grunnmynd neðri hæðar

Grunnmynd efri hæðar




# LÝSING HÚSS.

Að Furuási 16 – 20 er gert ráð fyrir tveggja hæða raðhúsum. Sótt er um að öll húsin verði í sömu fjarlægð frá götu. Í skipulagi var gert ráð fyrir að hús nr. 20 væri fjær götu, en þá skyggir það á undurfagurt útsýni frá hinum húsunum. Gólfkóti allra húsanna verði 79.9.

Sökklar og botnplata eru úr járnbentri steinsteypu. Botnplata er einangruð með 75 mm harðpressuðu einangrunarplasti og sökkull með 75 mm einangrunarplasti.

Úr Gildi

Húsin verði staðsteypt og einangruð að innan með 100 mm einangrunarplasti. Berandi innveggir á neðri hæð eru steinsteyptir. Á efri hæð er bílskúrsveggur berandi og þak bílskúrs steypt. Þak íbúðarhúss er úr timbri og þakbiti hvílir á tveimur stálsúlum. Allar klæðningar í bílskúr verði í flokki 1. Í íbúð verði léttir innveggir klæddir gifsi í flokki 1 og loft klædd timburklæðningu í flokki 2 eða gifsi í flokki 1.

Þak aðalhúss verði einhalla og þak útbygginga lítt hallandi glerþök. Einhalla þak er hefðbundið, burðarvirki úr 50 x 225 mm timbursperrum, einangrað með 200 mm þakullareinangrun, að ofan verði vindþétting, loftun og krossviður. Þá verði þakpappi og læst klæðning. Neðan sperra verði raflagnagrind og klæðning. Lítt hallandi þak á útbyggingum verði úr gleri, neðri rúða úr samlímdu öryggisgleri. Bílskúrsþak verði lítt hallandi og 200 mm tilskorin einangrun með vatnshalla ofan á plötu. Þá komi vottaður dúkur eða sambærilegt.

Gluggar og hurðar verða úr harðviði og sett í eftir á. Allt gler verði tvöfalt K gler, K gildi 0.2.

Öll gluggalaus rými verði loftræst með útsogi og við eldavél verður útsog. Í votrýmum verði gólfniðurföll.

Inntak OR og lagnagrind er í bílskúr.

Gólfhitakerfi verður í öllu húsinu. Kerfið er lokað hringrásarkerfi. Lagnir í gólfhitakerfi eru pex plastlagnir (krossbundið polyethylene). Neysluvatnslagnir eru pex lagnir í ídráttarrörum. Frárennslislagnir innanhúss eru úr PP (polypropylen), en í jörð og grunni eru PVC lagnir (stíft polyvinylclorid).

Reykskynjarar og handslökkvitæki verða í húsinu.

Sorpgeymsla verður við gangstétt. Þar er rými fyrir tvær sorptunnur og tvær tunnur fyrir flokkun endurvinnanlegs úrgangs. Hæð sorpgeymslu verður 1.2 m með opnanlegu loki.




Afstöðumynd 1 : 500

**Furuás 16 - 20, Hafnarfirði.**

Afstöðumynd, grunnmyndir og lýsing húss    Teikning nr. 1 af 2.

| mælikvarði | teiknað | dagsetning |
|---|---|---|
| 1 : 100 / 1 : 500 | HH RI SÁ | 25.06.2007. |

Hús og skipulag ehf, 511 1099, Teiknilist ehf, 862 8485, Bolholti 8, 105 Reykjavík.
Hildigunnur Haraldsdóttir F.A.Í. kt. 080654-4219    husogskipulag@simnet.is
Ragnhildur Ingólfsdóttir kt. 260355-4069    ringo@xnet.is